

## REGLUGERÐ

### um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 1999.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 1999.

#### 2. gr.

Veiðar sbr. 1. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

#### 3. gr.

Óheimilt er færeyskum skipum að stunda kolmunnaveiðar vestan  $20^{\circ}30'V$  og norðan  $65^{\circ}00'N$  við Austurland og innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |  |   |
|--|---|
| 1. $65^{\circ}00,00 N - 11^{\circ}42,00 V$ | 10. $63^{\circ}24,00 N - 16^{\circ}03,00 V$ |
| 2. $64^{\circ}32,50 N - 12^{\circ}08,00 V$ | 11. $63^{\circ}18,26 N - 16^{\circ}59,70 V$ |
| 3. $64^{\circ}03,50 N - 13^{\circ}09,50 V$ | 12. $63^{\circ}16,47 N - 16^{\circ}59,88 V$ |
| 4. $64^{\circ}00,00 N - 13^{\circ}26,00 V$ | 13. $63^{\circ}10,91 N - 18^{\circ}01,64 V$ |
| 5. $63^{\circ}55,00 N - 13^{\circ}44,00 V$ | 14. $63^{\circ}12,85 N - 18^{\circ}26,87 V$ |
| 6. $63^{\circ}37,60 N - 14^{\circ}41,70 V$ | 15. $63^{\circ}11,50 N - 18^{\circ}38,24 V$ |
| 7. $63^{\circ}34,70 N - 15^{\circ}00,00 V$ | 16. $63^{\circ}11,40 N - 19^{\circ}07,25 V$ |
| 8. $63^{\circ}30,00 N - 15^{\circ}29,00 V$ | 17. $63^{\circ}05,88 N - 20^{\circ}30,00 V$ |
| 9. $63^{\circ}26,50 N - 15^{\circ}51,00 V$ |   |

#### 4. gr.

Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og afl í hverju togi eða kasti. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri um borð, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

#### 5. gr.

Um tilkynningar færeyskra skipa, sem leyfi fá til veiða innan fiskveiðilandhelginnar skv. 2. gr., skulu gilda eftirfarandi reglur:

1. Tilkynna skal siglingu inn í íslenska lögsögu með sex klukkustunda fyrirvara og um afla um borð.
2. Tilkynna skal staðsetningu skipsins og afla síðasta sólarhrings milli kl. 10.00 og 12.00 hvern dag.
3. Tilkynna skal siglingu út úr íslenski lögsögu, staðsetningu og heildarafla um borð með sex klukkustunda fyrirvara.
4. Landi skip afla sínum í íslenskum höfnum skal tilkynna heildarafla þegar eftir löndun.
5. Framangreindar tilkynningar skulu sendast Landhelgisgæslu Íslands.

## 6. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

## 7. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

## 8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 38, 13. janúar 1999, um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 1999.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. júní 1999.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þorsteinn Geirsson.*

## REGLUGERÐ

### um togveiðar á kolmunna.

## 1. gr.

Allar togveiðar á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Heimilt er ráðherra að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til kolmunnaveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

## 2. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30'V og norðan 65°00'N við Austurland og innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta: